

Nd.

354. Nefndarálit

um frv. til laga um breyting á l. nr. 11, 18. maí 1920, um þingmannakosning í Reykjavík.

Frá 2. minni hluta allsherjarnefndar.

Frv. þetta vill fjölga þm. Reykjavíkur um 5 menn, úr 4 upp í 9.

Er þetta sú gífurlegasta röskun á kjördæmaskipun landsins, sem fram á hefir verið farið síðan stjórnarskráin 1874 gekk í gildi.

Það mætti því ætla, að nefndin hefði tekið sér tólm til að hugsa frv. nokkru ger en greinargerð þess ber með sér, og þá eigi síður fyrir það, að allur meiri hluti nefndarinnar er búsettur í Reykjavík. En hv. meiri hluta hefir sýnilega ekki virzt nein þörf á að heyra röksemdir þeirra, er aðstöðu hafa til að líta á málið frá öðru sjónarmiði en Reykvíkinga einna. Og svo brátt hefir þeim orðið, að þeir hafa afgreitt nefndarálitið á sjálfri páskahelginni.

Eins og nefndarálit meiri hlutans ber með sér, hefi ég ekki átt þess kost að ræða málið í nefnd, sakir fjarveru í embættiserindum.

Greinargerðin ber með sér, að þessi Reykjavíkurkrafa er miðuð við höfðatölu hér í borg, og hana eina. Skal því ekki neitað, að hún hlýtur jafnan að vera þung á meti. En ekki verður viðurkennt, að á hana beri að líta eina og ekki annað. Í því efni nægir að minna á, að hvergi munu þess finnast dæmi, að stórborgir hafi fulltrúatal á þingi að réttri tiltölu íbúatölu sinnar og manntals alls landsins. T. d. hefir New-York fylki jafna tölu í öldungadeild þingsins í Bandaríkjunum og minnsta smáfylkið, og er þetta vörn smásílanna gegn golþorskinum. Ber hér að því, að ekki tjáir að taka eitt meginatriði úr ríkislögum og ráða því til lykta, án þess að um leið sé séð fyrir því, að við það raskist ekki um of grundvöllur sá, sem á er hygg.

Allir munu játa, að hver landshluti og hvert hérað hafi rétt til íhlutunar um landsmál, og þess sé gætt, að sanngjarnar sérkröfur þeirra verði ekki fyrir

borð bornar. Skipting kjördæma landsins, hvers á fætur öðru, sýnir, að þingið hefir viðurkennt þetta, og sama kemur fram í því, að megn mótstaða ríkir gegn fækkun kjördæma með hlutfallskosningu, að ég ekki nefni óhuginn gegn því, að landið yrði gert að einu kjördæmi með hlutfallskosningu, en það væri auðvitað eina rétta kosningaskipunin, ef höfðatalan ein ætti að ráða.

Með kröfu Reykvinga um þingmannafjölgunina yrði þessu jafnrétti landshlutanna, sem hingað til hefir reynzt mjög farsælt, tilfinnanlega breytt. Og misjöfnuðurinn yrði þó enn meiri sakir yfirburða Reykjavíkur fram yfir önnur kjördæmi á öllum sviðum. Má þar margt til telja. Landskjörnir þingmenn nú síðast hafa allir verið kosnir úr Reykjavík og saga landskjörsins sýnir, að þeim er í lófa lagið að ráða meiri hluta þeirra eða jafnvel kjöri þeirra allra, ef þeir hnigu að einu ráði. Sökum hinna mörgu og margháttaðu menningartækja, er hrúgað hefir verið saman í Reykjavík, mun það ætíð við brenna, að Reykvingar nái kjöri víða um land, og sakir hins mikla blaðakosts, er þeir ráða yfir, gætir áhrifa þeirra til innstu dala og yztu annesja. Og eftir því, sem nú horfir við, er ekki annað sýnilegra en að þau áhrif aukist árförum, meðan fólki fækkar til sveita en fjölgar í Reykjavík. Fleira þarf svo ekki að tina til, því að peningavaldið þar auglýsir sig sjálf.

Næði nú þessi fyrirhugaða þingmannafjölgun fram að ganga, mætti gera ráð fyrir, að það hefði gagngerð áhrif á stjórnarfar landsins, því að engar líkur eru til, að nein stjórn mundi geta náð meiri hluta á þingi, nema með samþykki Reykjavíkurbíngmannanna, né setið án þeirra vilja. Þarf ekki að lýsa því, hver bylting yrði með því á öllum stjórnarháttum og hve háskalegt það gæti orðið, að fá einu kjördæmi slikt ofurvald í hendur.

Enginn nauður rekur til að fjölga nú þingmönnum Reykjavíkur. Ég get engin dæmi fundið þess, að traðkað hafi verið réttum málum þeirra, hafi þau fengið sæmilegan undirbúning. Miklu fremur má finna því stað, að þeir hafi komið lögum á landsfólkið, sem það hefir tekið stóra skaða af. En ein höfuðástæðan fyrir fjölgun þingmanna hlýtur jafnan að vera sú, að réttur þeirra, sem að standa, sé fyrir borð borinn, enda staðfestir þingsagan, að á það hefir verið lögð hin mesta áherzla, en hlutur Reykvinga hefir vissulega ekki verið fyrir borð borinn. Viðfangsefni síðari ára hefir verið og mun verða það, að verjast Reykjavíkurlögin. Sveitir landsins eru nú þegar í varnarstöðu.

Nú er ég ekki mótfallinn því, að fjölga þingmönnum Reykjavíkur eitt-hvað, út af fyrir sig, en um leið verð ég að krefjast þess, að næg trygging fyrir jafnrétti hinna landshlutanna verði fengin, t. d. með gagngerðri breyting efri deildar, þannig, að þar gæti ekki sérstaklega ríkis Reykjavíkur. Með öðrum orðum: að mínu viti á fjölgun þeirra fyrir engan mun að geta komið til greina, nema í sambandi við gagngerða endurskoðun á skipun þings og kjördæma, að undangengnum rækilegum undirbúningi og samvinnu flokkanna að þeim málum öllum saman.

Alþingi, 9. apríl 1931.

Magnús Torfason.